

Þegar bilgeymsla tilheyrir íbúð, skal margfalda flatarmál hennar með 0.6 við ákvörðun skiptiflatarmáls.

8. gr.

Hlutfallstala hvernar íbúðar í sameign er ákveðin þannig: Skiptiflatarmál (íbúð, bílskúr, sérgeymslur) að viðbættum þeim hluta viðbótarflatarmáls sbr. 4. gr., sem á hverja íbúð fellur er deilt með þannig fengnu flatarmáli allra íbúðanna og síðan margfaldað með 100. Þetta gerir hlutfallstölu íbúðarinnar í allri sameign.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 8. gr. laga nr. 59 31. maí 1976 um fjölbýlishús, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

30. júní 1976.

Nr. 282.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds í Höfðahreppi.

1. gr.

Húseigendur í Höfðahreppi skulu greiða til sveitarsjóðs Höfðahrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land sem sambærilegt telst, þótt að ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald skal nema ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan verkið fer fram og skal þá miða við meðal vísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

3. gr.

Til útreiknings samkvæmt 2. gr. skal nota eftirfarandi tölur:

a. Einbýlishús með bifreiðageymslu allt að 500 m ³	2.0%
b. Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð að 400 m ³	1.5%
c. Fjölbýlishús á tveimur hæðum eða fleiri og með fleiri en 4 íbúðum að 300 m ³	0.7%
d. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem og opinberar byggingar	2.0%
e. Iðnaðarhús og vörugeymslur og annað atv.húsnæði	1.0%
f. Önnur hús	0.5%

Af kjöllurum og rishæðum sem ekki eru notuð til íbúðar eða atvinnurekstrar skal greiða hálf gjald.

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar 250 m³.

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Fyrir umframstærðir í íbúðarhúsnæði skal greiða 25% hærra gjald.

Auk þessa skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjald kr. 40 af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðlana sbr. 3. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldþagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari löglaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi er rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Torfalækjarhreppi Austur-Húnavatnssýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. skipulagslaga nr. 19 24. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Torfalækjarhrepps, Austur-Húnavatnssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingarframkvæmdum vegna búrekstrar.

Þetta er birt hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. júní 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.